

Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum haldinn 7. júlí 2020 kl. 11:00

Mætt: Frá lögreglu: Kjartan Þorkelsson, Grímur Hergeirsson, Björn Ingi Jónsson, Sveinn Rúnar Kristjánsson og Rannveig Brynja Sverrisdóttir og umdæmislæknir sóttvarna: Elín Freyja Hauksdóttir. Bæjar- og sveitarstjórar allra sveitarfélaganna að Rangárþingi Ytra (boðuð forföll) og Sveitarfélaginu Árborg undanskildum.

Umræðuefni: Bæjarhátíðir og samkomur. Nýtt minnisblað frá Þórólfi og Víði fylgdi fundarboði.

Björn Ingi - Hólfaskipting gildir ekki bara á atburðinum sjálfum heldur í miðasölu, veitingasölu o.s.frv. og það á líka við um starfsfólk viðburðar. Búið er að funda einu sinni með framkvæmdaraðilum Unglingalandsmóts UMFÍ (ULM) og þar er mikill metnaður til að fara að reglum og hólfa niður með litakóðum.

Elín Freyja – ULM hefur pantað ennisbönd í mismunandi litum til að hólfa niður. Aðgengi foreldra verður takmarkað að ákveðnum viðburðum. Svona plön voru líka á Akureyri, en það gekk ekki upp. Allir blönduðust svo á veitingastöðum og í sundlaugum. Eru að fara að hitta ULM nefndina aftur í dag. Sömu leiðbeiningar og voru á Akureyri. Fræðilegur möguleiki að þetta gangi upp, en það þarf mikið til svo að þetta gangi og mjög marga sjálfböðaliða. Íþróttamót barna vs skemmtun fullorðinna er tvennt ólíkt og ekki hægt að setja undir sama hatt. Ekki hægt að nota svona hópaskiptingu á Þjóðhátíð t.d. og spurning hvaða afstöðu menn vilja taka með minni bæjarhátíðir.

Kjartan – þeir sem standa fyrir viðburðum verða að taka ábyrgð á því að það komist bara 500 manns inn á viðburð. Sá sem stendur fyrir samkomu ber ábyrgðina. Viðurlögin eru sektir allt að 500 þúsund fyrir þann sem stendur að samkomu.

Björn Ingi – lögregla var í eftirliti með tjaldsvæðum um helgina, þar var mikið um að ekki væri verið að halda 4ra metra reglu.

Sandra Dís (Ölfus) – Nú verða 3.000 keppendur á móti í Kópavogi, er viðbúnaður til að fylgjast með því? KP- Eitthvað er búið að brjóta þetta upp og skipta á fleiri velli. Þarna er um að ræða viðburð fyrir börn.

Lilja (Rang-Eystra) –varðandi heimsóknir á tjaldsvæði, var rætt við forsvarsmenn þeirra? KP- Slökkvilið og HES hafa verið í heimsóknum og eru enn að fara í heimsóknir, þeir kalla lögregluna til þegar þeir fara í heimsóknir.

Aldís (Hveragerði) – virðir viðleitnina til að reyna þetta skipulag. Áhyggjuefni að fólk fari ekki að reglum og líta má á þetta sem ákveðna tilraun.

Björn Ingi – það getur komið til þess að það þurfi að banna ákveðna viðburði.

Þorbjörg (Mýrdalshr) – það virðist enginn vilja stíga inn og taka af skarið varðandi það að halda ekki mót og hátíðir. Aldís og Lilja tóku undir að það vantar skýrari línur. KP- ekki er að vænta skýrari fyrirmæla frá þríeykinu.

Elín Freyja – best ef Suðurland myndi standa saman og koma með ákveðna afstöðu. Sóttvarnalæknar hafa ekki verið mikið inn í málum varðandi undirbúning hátíða og virðast yfirleitt ekki hafa vitað af hátíðum sem hafa verið í gangi eða í undirbúningi. Elín Freyja setti sig í samband við UMFÍ og Vestmannaeyjabæ vegna ULM og Þjóðhátíðar framundan.

Sandra (Skaftárhr) – áhugavert að skoða þetta útfrá því að mjög margir eru að koma saman t.d.á tjaldsvæðum í góðu veðri á Kirkjubæjarklaustri og borða á sama stað og fara í sömu sundlaugina.

Kjartan – það er búið að setja tjaldsvæðum og öðrum skýrar reglur um hvernig þeir eiga að haga sínum málum. Annað gildir um það þegar yfir 500 manns eru að koma á sama stað. Yfirlétt eru veitingastaðir og slíkir staðir ekki að taka við 500 manns.

Elín Freyja – það er verið að höfða til samvisku fólks, en það virðist vera stutt þol. Þó svo að sveitarfélög geti ekki bannað hópasöfnun þá geta þau komið með yfirlýsingu um það. Væntanlega þarf leyfi fyrir hátíðarhöldum.

Eydís – (Flóahreppi) hlynnt því að sveitarfélögin gefi út yfirlýsingu. Íþróttafélögin eru að sýna ákveðið virðingarleysi og stunda tilraunastarfsemi.

Ásta (Bláskógabyggð) - sveitarfélögin eru yfirlétt ekki leyfisveitendur en þau eru aftur á móti bakhjarlar margra hátíða og móta og koma þannig að málum. Ef það á að gera einhverja sameiginlega yfirlýsingu þá þurfa allir að vera við borðið og ræða málið.

Aldís (Hveragerði) – eru að trappa sínar hátíðir niður, þannig að það verði enginn viðburður sem er með meira en 500 manns.

Halldóra (Hrunamannahreppur) – búið að aflýsa öllu stóru á Flúðum um Versló. Bara litlir viðburðir.

Sandra (Ölfus) - búið að ákveða að slá af stóra bæjarhátíð sem átti að vera eftir Verslunarmannahelgi. Skipt upp í litla viðburði sem dreifast mikið og ekki meira en 50 manns sækja.

Kjartan – miðað við þetta er líklega búið að slá af allar stórar hátíðir sunnanlands nema í Eyjum og afla þarf upplýsinga frá Árborg um hvort Sumar á Selfossi verði á dagskrá.

Elín Freyja – rakning og sóttkví hefur stoppað útbreiðsluna. Það var alltaf vitað að það gæti komið sú stund að við misstum tökin á þessu og þá þyrfti að fara í annan ham og skipta um aðferð. Það þarf að fá fólk til að hugsa lengra fram í tímann, það kemur annað sumar með tækifæri til að halda hátíðir.

Kjartan – ef það er vilji til að gefa yfirlýsingu þá þyrfti einhver að taka að sér að útbúa texta. Ef það er vilji til að hafa Vestmannaeyjar með í þessu þá verður það að vera í gegnum umdæmislækni sóttvarna, þar sem um annað lögregluumdæmi er að ræða.

Aldís rakti hvað þyrfti að koma fram í yfirlýsingu og að þetta gæti bara verið yfirlýsing sveitarstjórnanna nema farið yrði að leggja þetta fyrir sveitarstjórnir.

Elín Freyja – miðað verði við að það verði bara einn hópur undir 500 manns og ekki fleiri hólf.

Þorbjörg og Eydís taka að sér að útbúa drög að texta. Fundað verður þegar ramminn er tilbúinn.

Fundi slitið kl. 11:50